



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 1. júlí 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:00.

Mætt voru: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Viggó K. Jóhannsson, Gunnar Smári Egilsson, Rán Reynisdóttir og Katrín Baldursdóttir.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerðir síðustu funda

Fundargerð síðasta fundar er samþykkt. Ritari ætlar að hafa uppi á nokkrum fundargerðum fyrri stjórnar sem ekki eru komnar á vefinn.

2. Fundir undanfarið og framundan

- a. Liðnir fundir, reynsla: Meistaradeildin, lýðræðismál, Borgarstjórnarflokkur/kjörnefnd um lýðræðismál, Sósíalískir femínistar og umhverfismál

Rætt var um reynsluna af þessum fundum sem yfirleitt þóttu takast vel. Meðal annars var talað um leiðir til að fjölga fundargestum og ákveðið að vinna markvisst að tengslamyndun við þá sem koma nýir á fundi.

- b. Aðrir ráðgerðir fundir

Nýir fundir voru ekki skipulagðir að svo stöddu.

3. Starfið í sumar, verkefni fyrir veturinn

Fundurinn velti fyrir sér hversu mikið starfið ætti að vera yfir hásumarið. Úr varð að fækka opnum fundum í júlí en leggja í staðinn áherslu á innra starf.

4. Maístjarnan

Umræðum frestað.

5. Fjármál

Staða á reikningum. Flokkurinn: 523.843 kr., Maístjarnan: 2.233.615 kr.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.